



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

13. árgangur 9.tbl.

Október 2016

Schnitselkvöld Dynks - Beint frá býli

Laugardaginn 15. október kl. 20.00.

heldur Lkl. Dynkur Schnitselkvöld í Árnesi.

Allur matur verður beint frá býlum sveitarinnar.

Bjargræðiskvartettinn kemur og skemmtir.

Happdrætti og önnur skemmtiatriði.

Allir velkomnir og hvattir til að mæta.

Allur ágóði af kvöldinu rennur til góðgerðarmála.



Miða þarf að panta í síðasta lagi fimmtudaginn

13. október hjá Sigurði í Skarði, Jónasi í

Brautarholti, Snæbirni á Hlemmiskeiði

eða Björgvin í Laxárdal.



Húsið opnar kl. 19:00!

Félaga- og skemmtinefnd

Lkl. Dynks





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5. okt. 2016.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

S: 486-5505

Bráðum koma nýjar bækur!!! ☺

Netfang bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Munið nýja opnunartímann í Lyfju– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, þá opið 10-13.

Sími í Lyfju — Laugarási 486-8655

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við Tvísteinabraut vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Gámasvæðið í Brautarholti er við Búnaðarfélags-skemmuna. Sést vel af vegi nr. 30 - Skeiðavegi.

Gámasvæðið við Árnes opið:

þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Gámasvæðið í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Gámasvæðin eru móttökustöðvar en ekki flokkunarstöðvar.

Flokkum heima og leggjum svo af stað á gámasvæðin ☺

Heyrúlluplastið verður að vera hreint og pakkað (í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

Setjið plastið í stórsekki eða poka hvort sem það er hreint eða skítugt - það er mikilvægt!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í Brautarholti og Árnesi.

*Skaftholt tekur áfram við garðaúrgangi og afklippum trjáa
Alla daga, allan daginn.*

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Afréttakortið er ennþá til!

Afréttir Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna.

Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-** ☺

Nú fer hver að verða síðastur að eignast það,
birgðir að verða uppseldar.!

Bleikur haustfundur Kvenfélags Skeiðahrepps

verður haldinn laugardaginn 29. október 2016
í bókasafninu í Brautarholti kl. 11.00.

Vetrarstarfið o.fl. verður til kynningar og umræðu.



Bleik uppákoma verður í boði varastjórnar og **Bleika krukkan** mun taka á móti
frjálsum framlögum, sem munu líkt og undanfarin ár, renna óskipt
til Krabbameinsfélags Árnessýslu.

Veitingar í boði kvenfélagsins.

Nýjar konur hjartanlega velkomnar ☺

Stjórn og varastjórn Kvenfélags Skeiðahrepps



Kærleiksenglarnir og kortin frá því fyrra verða til sölu.

***Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.***

***Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.***



Kjörfundur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

vegna Alþingiskosninga þann 29. október 2016,
fer fram í Þjórsárskóla.

Kjörfundur hefst kl 10.00 og stendur til kl. 21.00.

Kjósendur eru minntir á að hafa persónuskilríki með mynd meðferðis, til að gera grein fyrir sér þegar þeir greiða atkvæði.

Kjörstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.




Kjörskrá vegna Alþingiskosninga þann 29. október 2016,
mun liggja frammi á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps
á opnunartíma skrifstofunnar
frá 19. október til 28. október 2016
Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.



Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar á skrifstofum
Sýslumannsins á Suðurlandi frá kl. 09:00 – 15:00 þ.e. að



Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði
Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal
Austurvegi 6, Hvolsvelli
Hörðuvöllum 1, Selfossi



Frá 10. október verður einnig hægt að greiða atkvæði utankjörfundar
á skrifstofu Hrunamannahrepps kl. 09:00-12 og 13:00—16:00 og þann
28. okt. kl. 09:00 – 12:30. Einnig á skrifstofu Skipulags- og bygg-
ingarfulltrúa uppsveita bs. Dalbraut 12 Laugavatni á opnunartíma.
Nánar um utankjörfundaratkvæðagreiðsluna í Dagskránni þann 6. okt.
(bls.18.) og á www.kosning.is og www.syslumenn.is

Basar — Basar — Basar

Kvenfélag Skeiðahrepps verður með jólabasar
sunnudaginn 20. nóvember næstkomandi.



Konurnar eru beðnar um að huga að munum
á tombóluna og á basarinn.

Aðaláhersla verður lögð á mat og kökur á basarnum
þó handavinna sé góð líka.

Þeir sem vilja vera með sölubása/kompusölu þurfa að
hafa samband við Valgerði sími 896-5736

Nánar í næsta fréttabréfi.



Basar í Þingborg 5. nóvember

Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að basar, sem
haldinn verður í Þingborg, laugardaginn 5. nóvember 2016
kl. 13.00-17.00.

Öll innkoma rennur til kaupa á sérhæfðu sjúkrarúmi fyrir
Skammtímavistun í Álfaríma 2, en rúmið kostar um eina milljón
króna. Hlutverk skammtímavistunarinnar er að létta álagi af fjölskyldum vera afþreying og
tilbreyting fatlaðra barna, ungmenna og fullorðinna sem búa í heimahúsum. Lögð er áhersla á eflingu
athafna daglegs lífs og félagsfærni.

Fjölbreytt vandað handverk verður til sölu, ásamt kökubasar og
seldar verða vöfflur og kaffi.

Tekið verður við greiðslukortum.

Ef þig langar að styrkja þetta góða málefni með okkur, þá er allt
handverk vel þegið.

Tekið verður við munum á basarinn í Þingborg, 1. nóv kl.
19.00-22.00 og 2. nóv kl. 14.30 til 17.00, einnig má skila þeim til
Guðrúnar á skrifstofu Flóahrepps fyrir hádegi þessa daga.

Kvenfélög Gaulverjabæjarhrepps, .
Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps.



HAUSTFERÐ ÆSKULÝÐSNEFNDA SMÁRA OG LOGA

Farið verður í hina árlegu haustferð með langferðabíl
eftir skóla **föstudaginn 28. október n.k.**

Takið daginn frá. Ferðinni er heitið austur fyrir Þjórsá.

Heimsóttir verða hestamenn og snædd pizza.

Nánar auglýst þegar nær dregur
á fésbókarsíðu Smáarakrakka.

Kveðja, æskulýðsnefnd Smára




Söngsveitin Tvennir tímar, kór eldra fólks

í uppsveitum Árnessýslu, er að hefja vetrarstarfið.

Æfingar fara fram í Félagsheimilinu á Flúðum á

fimmtudögum kl.13:00.

Söngstjóri er Stefán Þorleifsson. Stefnt er að vortón-
leikum og þema söngskrárinnar eru vinsæl dægurlög
síðustu aldar og taka æfingar
mið af því.



Góður og skemmtilegur félagsskapur sem
rifjar upp kynni fyrri ára.

Við hvetjum eldra fólk, sem hefur ánægju af
söng að koma og taka þátt í
góðum félagsskap.



Aðalskipulag Skeiða– og Gnúpverjahrepps!

Vinnu miðar vel við nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins og hvetur
sveitarstjórn íbúa til að koma með hugmyndir og
ábendingar um skipulagið. Ákveðið hefur verið að fresta fundi þeim
er áætlað var að halda nú í október. Hann mun verða auglýstur eftir
áramótin. Endilega sendið okkur hugmyndir og/eða ábendingar á

kristofer@skeidgnup.is. ☺

Sveitarstjóri.



Þjórsárskóli

Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Fréttir úr Þjórsárskóla

Náms- og starfsráðgjafi - Guðný María Sigur-
björnsdóttir náms- og starfsráðgjafi hefur hafið
störf við Þjórsárskóla. Hún er ráðin sem sameigin-

legur starfsmaður grunnskólanna í uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi. Guðný
María verður annan hvern þriðjudag í Þjórsárskóla. Hún sinnir náms og starfs-
fræðslu og nemendur geta farið til hennar til spjalls og ráðagerða.

Á þriðjudögum er hún einnig í samstarfi við umsjónarkennara 5-6 bekkjar um
samskipti stúlkna. Við bjóðum Guðnýju Mariu velkomna til starfa við skólann
okkar.



Hjóladagurinn – 27. október var hinn árlegi hjóladagur í Þjórsárskóla. Nem-
endur komu með hjólin sín í skólann og farið var í hjólaferðir mislangar eftir
aldri og getu nemenda. Við vorum heppin með veður, það var bjart en dálítið
hvasst. Nemendur komu til baka rjóðir í kinnnum en með bros á vör.

Göngum í skólann – Þjórsárskóli tekur þátt í „Göngum í skólann“ verkefninu.

Farið hefur verið í skipulagðar
gönguferðir. Föstudaginn 30.
september fóru allir nemendur
skólans í gönguferð. Við
gengum meðfram Kálfár-
bökkum. Veðrið lék við okkur
og við nutum þess að horfa á
haustlitadýrðina. Það er ekki
sjálfgefið að hafa jafn fallegt
umhverfi í kringum okkur og
hér er. Á heimleið blasti Hekla
við okkur í allri sinni dýrð.



List fyrir alla er verkefni á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem ætlað er að velja og miðla listviðburðum til barna og ungmenna um allt land. Í ár er það tónlistarhópurinn: Skuggamyndir frá Býsans sem fer á milli skóla og taka nemendur með sér í ímyndað ferðalag til framandi landa í Suður-Ameríku. Nú vorum við svo heppin að fá þessa listamenn til okkar í byrjun október. Við hlustuðum á tónlist frá svæðinu, sáum fallegar myndir og fengum að kynnst skemmtilegum framandi hljóðfærum sem þjóðlagatónlistarmenn frá svæðunum leika á. Góð stund með skemmtilegri tónlist.

Kveðjur úr skólanum.
Kristín og Bolette.



Leikrit.!!

Á næsta ári verður Ungmennafélag Gnúpverja 90 ára og langar okkur í leiknefndinni að setja á fjalirnar söngleikinn

„þið munið hann Jörund.“

Þetta er skemmtilegt verk eftir Jónas og Jón Múla Árnasyni með góðum söngvum. Leikstjóri verður Vilborg Halldórsdóttir.

Nú auglýsum við eftir fólki. Hugmynd, að byrja að æfa í janúar og febrúar og sýna í mars.

Tökum veturinn á léttum nótum og syngjum og tröllum...hæ..hopsasí..hæ hopsa..sa...!!



Hafið samband við leiknefnd. Sjáumst...!!

Sigrún Fossnesi s. 486-6079 fossnes@uppsveitir.is

Sigprúður Eystra-Geldingaholti s. 846-5247 gibba@pax.is

Þóra Haga s. 482-2929 thora29@gmail.com

Geiri heitinn frá Skáldabúðum, og hreppsnefnaður um árafjöld.



10. september 1976 varð hörmulegt slys við smölun í fjallsafni við rætur Hofsjökuls. Fjallkóngurinn Geiri (Sigurgeir Runólfsson) drukknaði í lóni við jökulrætur í eltingaleik við gimbur. Síðan eru liðin 40 ár.

Margir ábúendur hér í sveit voru í þessari fjallferð, m.a. Högni í Laxárdal og Eiríkur Kr. í Sandlækjarkoti, ungir óharðnaðir menn þá, en sá síðarnefni er einn til frásagnar um þennan harmleik. Það setti alla hljóða, bæði á fjalli og heima fyrir. Geiri var hvers manns hugljúfi.

Geiri var jarðsettur í heimagrafreit í Skáldabúðum, en þar hvíldi fyrir faðir hans Runólfur, dáiinn 1950. Á dánardegi Geira í síðasta mánuði safnaðist saman hópur manna, ættingjar og vinir, sem snyrtu grafreitinn og umhverfi hans.

Þessi stund var öllum viðstöddum dýrmæt, hlýr og fagur haustdagur sem lauk með eftirminnilegi hugvekju sr. Sigfinns Þorleifssonar, sem jafnframt hafði annast útför hans 1976.

Þakkir til allra þeirra sem að þessu komu.

Kristján H. Guðmundsson.

Sr. Sigfinnur Þorleifsson
t.h. minnst Geira frá
Skáldabúðum.



< Frá vinstri
Ólafur Íshólm Jónsson,
Oddgeir Eiríksson,
Eiríkur Kristinn Eiríksson,
Haukur Arnarsson,
Arnar Bjarni Eiríksson.

Nokkrir af þeim er að verkinu
unnu þann 10. sept.s.l.
f.v Bjarni Ólafsson, Sigurgeir
Guðmundsson og Eiríkur
Gunnarsson. Í fremri röð f.v.
Valgerður Stefánsdóttir,
Kristín Guðmundsdóttir og
Margrét Hjaltadóttir auk þeirra
sem áður eru nefndir.
Kristján H. Guðmundsson tók
myndirnar.



Frá félagi eldri borgara Skeið-Gnúp

Þá er vetrarstarf eldri borgara hér í sveit hafð og fyrsti samverufundur okkar var 7. október sl. Að venju var farið yfir starf vetrarins og hvaða afþreyingu félagarnir vilja hafa og er þar svona sitthvað í boði svo sem jóga, sundleikfimi, leikhúsfærðir, fyrirlestrar, upplestur sagna ýmiss konar og margt fleira sem félagarnir móta hverju sinni. Snemmsumars var farin skemmtiferð um Snæfellsnesið sem tókst mjög vel og margt þar merkilegt að sjá. Samverufundir okkar eru haldnir í Bókahúsinu í Brautarholti, hálfsmánaðarlega, á föstudögum kl. 14:00 en sveitarstjórn lætur okkur aðstöðu þar í té auk svolítills rekstrarstyrks sem við kunnum þeim bestu þakkir fyrir.

Þau tíðindi gerðust á meðan fundaur okkar stóð þann 7. október s.t. að ríkisstjórnin gaf út sérstaka yfirlýsingu um breytingar á almannatryggingum, þess efni að 4.5 milljarðar króna bætist við þá 5 til 5,5 milljarða sem upphaflega frumvarp velferðarráðherra átti að vera. Hér á eftir fylgir áskorun Landssambands eldri borgara frá 10. október til alþingismanna.

„Landsamband eldri borgara skorar á alþingismenn að lögleiða á þessu þingi frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar með þeim breytingum er ríkisstjórnin hefur lagt til um að hækka fjárveitingu til lífeyris aldraðra um 10 milljarða króna. Hér er um að ræða stórt skref í réttindabaráttu eldri borgara fyrir bættum kjörum. Frumvarpið hækkar mest greiðslur til þeirra er lakast standa en einnig verður kerfið einfaldað, sveigjanleiki aukinn, valkostum fjölgað og skerðing krónu á móti krónu afnumin. Undirbúningur breytinga á almannatryggingum hefur staðið yfir í áratug og nú er mál að koma þeim í framkvæmd.

Landsamband eldri borgara væntir þess að enginn þingmaður víki sér undan því að ganga til verks og afgreiða breytingar á lögum um almannatryggingar fyrir þinglok.“


Þess má geta að sundleikfimin sem áformað er að byrji mánudaginn 10. október nk. er ekki eingöngu fyrir félaga í eldri Skeið-Gnúp heldur alla 60 ára og eldri með lögheimili í sveitarfélaginu.

Árni Hilmarsson leikfimikennari verður með hópnum og fyrst um sinn eru áformuð átta skipti og verða einu sinni í viku í Skeiðalaug.

Að lokum. Við tökum vel á móti nýjum félögum. **Einu skilyrðin eru að hafa náð 60 ára aldri og eiga lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**

f.h. stjórnar

Bjarni Ófeigur Valdimarsson.



Dröfn Þorvaldsdóttir í Kvistholti

heldur sýningu á myndverkum sínum
 í Oddstofu í Skálholtsbúðum helgina 15.-16. október, n.k.
 Sýningin verður opin frá kl. 12:00 til 16:00 báða dagana
 Á sýningunni eru akrýlmyndir, leirfigúrur
 og postulínsmálaðir bollar
 Það verður kaffi á könnunni.



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar.



Vetrarstarfið er hafið í kirkjunum okkar og eins og áður verður reynt að hafa helgihaldið fjölbreytt. Hefðbundnar messur, fjölskylduguðsþjónustur, kvöldmessur með léttari tónlist, aðventusamkomur og áramótamessur eru meðal þess sem í boði verður nú á haustmisseri og til áramóta. Ég vænti þess að messudagskráin sé komin á áberandi stað á öllum heimilum í prestakallinu. Starf kirkjukóranna er komið á fullan skrið og eru æfingar á fimmtudögum hjá báðum kórum. Stjórnendur og organistar eru sem fyrr Þorbjörg Jóhannsdóttir og Stefán Þorleifsson. Fermingarstörfin eru einnig hafin en fræðslustundir fara fram vikulega í safnaðarheimilinu í Hruna. Fermingarbörnin þennan veturinn eru tólf talsins. Af framkvæmdum í sóknunum er það helst að segja að búið er að koma fyrir upplýsingaskilti við sáluhliðið í Hruna þar sem fjallað er um sögu kirkjunnar og staðarins bæði á íslensku og ensku. En skiltið er gjöf frá Hrunamannahreppi í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar á síðasta ári. Á Hrepphólakirkju var allt tréverk utan dyra málað í sumar. Framundan eru síðan heilmiklar framkvæmdir innandyrna í Stóra-Núpskirkju en til stendur að gera við tréverk, endurnýja rafmagn og lýsingu og mála. Framkvæmdir hefjast í byrjun næsta árs og eru unnar í samráði við Minjastofnun. Vonandi tekst að ljúka þessari vinnu næsta haust þannig að hægt verði að hefja helgihald að nýju í Stóra-Núpskirkju við upphaf vetrarstarfs 2017.

Að lokum minni ég á helgihaldið framundan:

23. okt.: *Fjölskylduguðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 14.

6. nóv.: *Messa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14. Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna syngur.

Allar frekari upplýsingar um kirkjustarfið er að finna á heimasíðunni **hruni.is** og á facebook.com/hrunaprestakall.

Með blessunaróskum.

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Föstudagur í september.

Það er svo margt yndislegt sem gerist á haustin. Gróðurinn tekur á sig nýjan lit og rigningin skolar burt ryki sumarsins. Hversdagsleiki vinnu og skóla tekur við eftir sumarfrí. Í sveitinni ber haustið með sér hefð. Hún er gömul og gróin. Hún fyllir heilt samfélag af eftirvæntingu. Fjallferðarmenn flykkjast í hópum uppá afrétt. Undan rótum Hofsjökuls skal féð rekið til byggða. Eftirvæntingin liggur í loftinu og ilmur af allskyns bakkelsi svífur undir vitum. Að lokum þessa ferðalags biður réttardagurinn. Stærsta fjölskylduhátíð sveitarinnar er í vændum. Fjárhagarnir skulu hreinsaðir.

Ferðarinnar er beðið með spennu. Allir hjálpast að við að leggja hönd á plóg.

Ferðamennirnir þjálfa reiðhrossin og hinir skreppa í kaupstað eftir því sem vantar. Stássstofan er undirlögð af vettlingum, ullarsokkum og víni. Öllu er svo troðið í skrinur og sjópoka. Nú rennur ferðadagurinn upp. Við sem heima sitjum hjálpum til við lokaundirbúning. Föðurlandið skartar sínu fegursta og ullarsokkar klæða pelana vel. Þau leggja sönglandi af stað í enn eitt skiptið.

Heima fyrir fylgist búalið með veurfregnum og fer oft á dag að gá til veðurs. Vonandi rignir ekki mikið á þessi ofurmenni. Þau eru upp á veðurguðina komin. Hálendið er fagurt en glíman við náttúruöflin er oft brigðul. Oft hafa veður og vötn hótað lífi fjallmanna. Samt skal smalað. Samt skal réttað.

Smalar koma safninu til byggða. Mörgum verður að orði hve það fari minnkandi. Hlátrasköll öma í blíðunni. Það er alltaf gott veður á réttardaginn. Menn heilsast sem ekki hafa sést síðan í fyrra. Gleðilega hátíð. Féð er dregið í dilka. Hjá sumum hefur fjölgað, hjá öðrum fækkað. Allir eru kátir. Börn og hundar hlaupa í hringi á réttarvegnum. Undir lok dags er hver hjörð rekin heim. Súpa er etin. Menn skála fyrir vel heppnuðum leitum.

Ekki eru allar hefðir góðar þó gamlar séu. Sumar mætti leggja á hilluna, öðrum henda í ruslið. Þessari hefð vil ég þó halda. Hefð sem gefur heilu samfélagi ráð til að taka fri og skemmta sér. Þeir sem eiga heiman gengt ýmist riðandi eða bílandi flykkjast á þennan forna stað. Hér hefur verið réttað í næstum þúsund ár. Enn eru hér mannamót fyllt gleði og kátínu og kærleika. Einn föstudag í september leggja menn hversdaginn á hilluna og rétta.

Gígja Sigurðardóttir

Steinsholti

Fótaaðgerðastofan á Heimalandi, Flúðum

Hef opnað fótaaðgerðastofu á Heimalandi sem verður opin á miðvikudögum, einnig verður hægt að fá aðra tíma eftir samkomulagi.

Allir eru hjartanlega velkomnir,

vonandi getið þið notfært ykkur þessa þjónustu.

Tímapantanir í síma 863-0433.





Haustmynd úr Gjánni í Þjórsárdal tekin af Einari Bjarnasyni 2016. Hún sýnir fallega haustfáir.



austliti íslenskrar náttúru en einnig hvernig landið verður þegar margir fara um það.

34. Sveitarstjórnarfundur Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 5. október 2016 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinson, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Anna Þórný Sigfúsdóttir er sat fundinn í fjarveru Meike Witt. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Sveitarstjóri óskaði eftir að tveimur málum yrði bætt við áðursenda dagskrá. Mál nr. 24 Hraunteigur ehf erindi vegna lands og mál 25 Elwira og Sveinn um Hólaskóg. Var það samþykkt samhljóða. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar.

1. Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Herdís Gunnarsdóttir forstjóri og Anna María Snorradóttir forstjóri hjúkrunar mættu til fundar og greindu frá starfsemi stofnunarinnar og umfangi. Þær lögðu áherslu á að heilbrigðisþjónusta og heilsugæsla myndi ekki skerðast í héraðinu.
2. Samningur um Reykholtslaug í Þjórsárdal. Samningur lagður fram við Rauðakamb ehf um Reykholtslaug. Auk þess ógilding eldri samnings. Samningurinn samþykktur með fjórum atkvæðum. Gunnar Örn Marteinson greiddi atkvæði gegn samningnum og vísaði til bókar frá síðasta sveitarstjórnarfundinum.
3. Tillaga um kortagerð um göngu- hjóla- og reiðleiðir. Lögð fram tillaga að ofangreindri kortagerð í Sveitarfélaginu. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og er Einari Bjarnasyni og sveitarstjóra falið að kostnaðargreina og meta verkefnið.
4. Hólaskógur útleiga. Afgreiðsla tilboða. Eins og áður hefur verið greint frá hafa borist tvö tilboð í útleigu fjallaskálans Hólaskógar. Annað frá Extreme Iceland ehf og hitt frá Gesti Þórðarsyni. Samþykkt að ganga til samninga við Extreme Iceland. Gunnar Örn Marteinson lagði fram eftirfarandi bókun: Ekki er hægt að setta sig við að ekki verði rekin starfsemi áfram í Hólaskógi með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár. Rétt er að benda á að húsið í Hólaskógi er byggt vegna þess að landbætur komu vegna Sultartanga-virkjunar, hugsunin hefur án efa verið að efla atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu og auðvelda fólki umferð um svæðið, það hefur að mörgu leiti gengið eftir og til að mynda eru fyrirtæki í hestatengdri ferðaþjónustu í sveitarfélaginu sem hafa á undanförnum árum nýtt sér aðstöðuna. Sveitarstjóra, oddvita og Höllu Sigríði Bjarnadóttur falið að vinna að gerð samnings við Extreme Iceland.
5. Neslaug samningur um rekstur. Sveitarstjóri lagði fram drög að samningi um rekstur og leigu Neslaugar árið 2017 við Eyþór Brynjólfsson. Samningur samþykktur samhljóða.
6. Veitingarekstur og ferðaþjónusta í Árnesi. Félagsheimili og tjaldsvæði. Sveitarstjóri lagði fram drög að auglýsingu um tilboð í útleigu á félagsheimilinu Árnesi ásamt tjaldsvæði og rekstri mótuneytis fyrir skóla og leikskóla ásamt drögum að útboðsgögnum. Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að auglýsa eftir tilboðum í ofangreindar rekstrareiningar.

7. Uppgjör við Orna ehf. Aðstaða á tjaldsvæði. Máli frestað til næsta fundar.
8. Beiðni um námsvist utan lögheimilis sveitarfélags. Sveitarstjóra falið að afgreiða málið.
9. Alþingiskosningar. Umboð til sveitarstjóra til að semja kjörskrá Utankjörfundaratkvæðagreiðsla. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna alþingiskosninga 29. október 2016 í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla. Lagt fram bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga. Undirritað af Karli Björnssyni. Þar er óskað eftir að sveitarstjórnir hafi samstarf við embætti sýslumanna um utankjörfundaratkvæðagreiðslur. Sveitarstjórn tekur jákvætt í tilmælin.
10. Réttarholt erindi um skipulagsbreytingu. Lögð fram grunnmynd sem kynning nýrra eigenda landsins að verslunar- og þjónustulóð. Lagt fram og kynnt.
11. Urðarholt. Erindi um skipulagsbreytingu. Lagt fram og kynnt. Vísað til afgreiðslu málsins í 118 fundargerð Skipulagsnefndar.
12. Samningur um Nónstein. Lagður fram samningur við Bláhiminn ehf um leigu á gistiheimilinu Nónsteini. Fram til 1. október 2017. Samningur samþykktur samhljóða.
13. Samningur við Ragnar Ingólfsson og Guðbjörgu Bjarnadóttur um kaup á landi smábýlisins Heiðargerði. Sveitarstjóri lagði fram drög að kaupsamningi um land smábýlisins Heiðargerðis. Landið er 3,9 hektarar að stærð. Kaupsamningur lagður fram og samþykktur samhljóða. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að þeir aðilar sem byggt hafa á sambærilegum smábýlalóðum í eigu hreppsins geti keypt slíkar lóðir á sambærilegu verði og hér um ræðir.
14. Gjáin í Þjórsárdal. Viðbrögð við ástandi staðarins. Sveitarstjórn lýsir áhyggjum af ástandi Gjárinnar sökum aukinnar umferðar um svæðið. Jafnframt leggur sveitarstjórn áherslu á að aðgerðir til verndar svæðinu umhverfis Gjána þurfa að eiga sér stað sem allra fyrst.

Fundargerðir

15. Skipulagsnefnd fundargerð 117 fundar. Mál nr. 2,3,4 og 5 þarfnast umfjöllunar.
 - Mál nr 2. Skarð 1 174781: Arngrímslundur stofnun lóðar 1608081. Umsókn um stofnun 6.743 m² lóðar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að vísa málinu til byggingafulltrúa ef ekki berast athugasemdir á kynningartíma.
 - Mál nr. 3. Skeiðháholt 2 166496 2a stofnun lóðar. 1608049. Umsókn um stofnun lóðar 4.745,7 m² að stærð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir landsskiptin.
 - Mál nr 4. Norðurgarður 166483: Selið Stofnun lóðar – 167008

Lágt fram lóðarblað yfir 32.685 m² lóðar úr landi Norðurgarðs. Lóðin mun heita Selið. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir landsskiptin fyrir sitt leyti skv 13 gr. jarðarlaga.

Mál nr 5. Kálfhóll lóð 178950 Umsókn um byggingarleyfi Sumarhús – 1608051.

Lögð fram umsókn um heimild til að flytja 30,4 m² hús af lóðinni Kálfhóll 1 á lóðina Kálfhóll Lóð 178950.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að vísa málinu til byggingafulltrúa.

16. Skipulagsnefnd fundargerð 118 fundar. Mál nr. 7,8,9 og 10 þarfnast umfjöllunar.

Mál nr 7. Urðarholt (Réttarholt B) lnr 223803 stækkun lóðar 1609045.

Lagfært lóðarblað lagt fram fyrir landið Urðarholt lnr 223803. 40,7 ha að stærð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir fyrir sitt leyti lagfærða afmörkun spildunnar.

Mál nr 8. Búrfellsvirkjun 166701. Ýmsar breytingar í ferli. : Deiliskipulagsbreyting – 1609042.

Lögð fram umsókn um heimild til að breyta deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar ásamt matslýsingu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að leita samráðs við Skipulagsstofnun.

Mál nr 9. Réttarholt B lnr 223803 : Urðarholt : Aðalskipulagsbreyting :

Umsókn 1606007.

Umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu á breytingar á aðalskipulagi sem nær til svæðis við Árnes.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að breytingar á aðalskipulagi svæðisins verði i kynntar.

Mál nr 10.

Réttarholt B lnr. 223803. Urðarholt : Deiliskipulagsbreyting – 1609048.

Umsókn lögð fram um breytingar á deiliskipulagi við Árnes sem nær til landsins

Urðarholt, sunnan Þjóðvegur. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu

Skipulagsnefndar og samþykkir að Deiliskipulagsbreytingin verði hluti af kynningu á breytingum á aðalskipulagi svæðisins.

17. Fundur 38. fundar stjórnar BS Skipulags- og Byggingarfltr. Fundargerð lögð fram og kynnt. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að auglýst verði eftir starfsmanni til embættisins.

18. Afréttarmálafélag Gnúp. Fundargerð 9. fundar 28.ágúst 2016. Fundargerð Lögð fram og kynnt. Í fundargerðinni er fjárhagsáætlun fjallskila. Samþykkt samhljóða.

19. Brunavarnir Árnessýslu fundargerð 8. fundar. 07.09.16. Fundargerð lögð fram og kynnt.

20. Brunavarnir Árnessýslu, fundargerð 9 fundar 20.09.16. Fundargerð lögð fram. Í fundargerðinni er lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun B.A. Fjárhagsáætlun samþykkt og vísað til viðauka.

21. Skóla- og Velferðarnefnd 16. fundur. 06.09.16. fundargerð lögð fram og kynnt.

Styrkbeiðnir

22. Hjartaheill, beiðni um styrk. Lögð fram beiðni um styrk til samtakanna. Samþykkt að styrkja samtökin um 7.000 kr.

23. Heyrnarhjálp, beiðni um styrk. Lögð fram beiðni um styrk til samtakanna. Samþykkt að styrkja samtökin um 7.000 kr.

24. Hraunteigur kaup á landi. Erindi lagt fram og kynnt. Afgreiðslu málsins frestað.

25. Elwira og Sveinn Breiðanesi. Erindi vegna Hólaskógar. Erindi lagt fram og kynnt. Afgreiðslu málsins frestað.

Mál til kynningar

- A. Stjórnarfundur SOS nr 247.
- B. Ársskýrsla Vinnumálastofnunar
- C. Ársskýrsla Þjóðskrár.
- D. Úttekt Þjórsárskóla, eftirfylgni.
- E. Tjarnarver teikning af fjallaskála.
- F. Tún ehf Ársreikningur og aðalfundargerð
- G. Framkvæmd laga um almennar íbúðir
- H. Ljóstengt Ísland - Míla.
- I. Samtök orkusveitarfélaga. Skýrsla stjórnar.
- J. Stöng í Þjórsárdal – skýrsla.
- K. Vatnsöflun- möguleikar.
- L. Svar til Eftirlitsnefndar sveitarfélaga
- M. Skýrsla/verkefni sveitarstjóra.

Fundi slitið kl 16:50

Næsti fundur ákveðinn miðvikudagur 2. nóvember næstkomandi.

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.



**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðauðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir


Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhaldi Fjaraskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.
skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



www.Híalín.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.

Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com





Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfus

*Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt*



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP

facebook



www.landflutningar.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er María Kristjánsdóttir
maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Á bak við eldavélina!



Magnea Gunnarsdóttir í Þrándarholti 4 deilir með okkur uppskriftum sínum. Sæl verið þið!

Ég þakka tengdamömmu fyrir áskorunina. Mér er dálítill vandi á höndum að velja uppskrift. Yfirleitt fer ég ekki eftir uppskriftum, nema þá helst til að styðjast við, og sjaldnast nenni ég að gera sama hlutinn eins tvisvar. Mér finnst gaman að gera tilraunir í eldhúsinu sem sumar heppnast ágætlega, en yfirleitt skrifa ég ekkert niður. Eftir lauslega skoðanakönnun á meðal fjölskyldunnar kom þó í ljós að lasagnað er nokkuð óbrigðult og rennur yfirleitt ljúflega niður – svo ég set hér á blað eina útgáfu af því.

Lasagna

Nautahakk beint frá býli (ca. 800 gr.)

Tómat-jukk úr krukku - meira en minna (t.d. pastasósa frá Francesco Rinaldi, svo má líka notast við rautt pesto, eða annað sem leynist í skápunum)

Kotasæla, eða rifinn piparostur, mexikóostur, eða annar ostur sem til er í ískápnum (jafnvel feta-ostur)

Rifinn venjulegur ostur

Hveitjafningur (smjör, hveiti og mjólk) - ef maður þarf að drýgja matinn, en má alveg missa sín.

Salt og pipar, og annað krydd eftir smekk.

Stundum steiki ég lauk og jafnvel hvítlauk og skelli í hakkið. Lasagne-plötur

Aðferð:

Kveikja á ofninum Brúnið hakkið á pönnu og kryddið. Tómatjukkinu blandað við þegar hakkið er brúnað. Kryddað.

Hveitjafningurinn útbúinn (bræða ca 2-3 msk af smjöri í potti, hveiti sett saman við og hrært í smjörbollu. Þetta er svo haft áfram á vel heitri hellu og þynnt smám saman með mjólk, hræra stöðugt... þið kunnið þetta líklega flest).

Kotasælunni/ostinum blandað saman við jafninginn.

Þynnt lag af hakk-sósunni sett í botninn og svo hvert lagið af öðru í þessari röð: pasta-plötur, jafningur, pastaplötur, hakksósa, pastaplötur, jafningur. Í efsta laginu er hakksósa og svo rifinn ostur þar ofan á.

Rétturinn bakaður í ofni þar til hann er tilbúinn. Þetta er borið fram með brakandi fersku salati, ólífum og feta-osti á kantinum og gjarnan hvítlauksbrauð. ☺



Hér er svo einn sætur kvöldréttur sem þægilegt er að grípa til:

Heitur réttur með ís eða rjóma

Botn:

2 ½ dl púðursykur

100 gr lint smjör

3 ½ dl hveiti

5 dl haframjöl

1 tsk matarsóti

Ofan á:

1 dós sýrður rjómi

(eða bara súrmjólk)

1 egg

2 dl sykur

1 tsk möndludropar

½ dl hveiti

Frosin Hindber... eða bara niðurskorinn rabbarbari – eða epli og rifsber úr garðinum.

Aðferð:

Púðursykur og smjör hrært vel saman og restinni svo blandað við. Til að þynna má setja smá mjólkurslettu.

Megninu af deiginu er þrýst niður í eldfast mót og bakað við 180°C í ca. 10 mín

Á meðan botninn bakast er sýrðum rjóma, eggji, sykri og hveiti blandað saman.

Rabbarbari eða epli skorið gróflega niður. Ávöxtunum/berjunum dreift á hálfbakaðan botninn, sósunni hellt yfir og svo restinni af deiginu dreift yfir. Bakað í 25-30 mínútur í viðbót.

Borið fram með þeyttum rjóma eða ís.

Mig langar að kasta boltanum til kollega míns, Lofts Erlingssonar.

Hef trú á því að hann hafi smekk fyrir góðum mat. ☺

Kær kveðja. Magnea.



TAXI DRIVER

TAXI er á svæðinu sem þjónustar Grímnssesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahrepp og

Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Með kv. TAXI DRIVER 776 0810 & 783 1224

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Styðjum félagið okkar. ☺

802



Fréttir úr Leikholti

Leikholti skóli

Þessi skólavetur fer vel af stað hjá okkur í Leikholti. Í september var byrjað á skipulögðu starfi, val fór af stað einu sinni í viku og hópastarf ca. 3x í viku. 4 barnahópar verða í Leikholti þetta skólaár, Rauðihópur (2015) og Fiðrildahópur (2014) í Heklu og Músahópur (2012) og Skósveinahópur (2011 og 2012) í Vörðufelli.



Haustið hefur einnig verið nýtt til útiveru og við verið heppin með veður. Teknar voru upp kartöflur, haldinn var umhverfisnefndarfundur með tveimur elstu árgöngunum, þar sem rætt var un flokkun rusls og verndun umhverfis. Þetta er allt liður í Grænánaverkefni Leikholti.



Umhverfisstarf í Leikholti



Í október byrjuðu tveir elstu árgangarnir í ART kennslu, Haukur og Sirrý eru ART þjálfarar 2011 árgangsins og Helga Kolbeins og Sígga ART þjálfarar 2012 árgangsins. En í ART er farið yfir félagsfærni, reiðstjórnun og siðferði. Skólaheimsóknir fóru einnig af stað í núna október. 2011 árgangur (6 börn) fara með skólabíl í skólann 8 fimmtudaga í október og nóvember og eru fram að hádegi. Það fóru 6 mjög spenntir krakkar í skólann síðasta fimmtudag, bæði að vera með skólatösku, fara í skólabíl og skólann og svo auðvitað að hitta félaga sína sem eru í skólanum fyrir.



Heklubörn í útiveru





Skólahópur á leið í skólann



Skólaheimsóknirnar er góður liður í samstarfi skólanna beggja í sveitarfélaginu og einnig myndast góð samfella fyrir börnin á milli skólastiga.

Bestu kveðjur úr Leikholti.

Vetraropnun: Alla daga. kl.11:00 -22:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

LAUGARVATN
fontana
Hélsuind frá landnámi

<http://www.fontana.is>

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

GIANT D254SW

Litli risinn

Giant D254SW er þægilegur og lipur liðléttingur sem er með mikla lyftigetnaði miðað við stærð en hann getur nánast lyft elgin þýngd.



- Ökuhraði allt að 15 km
- Mikil lyftigetnaði miðað við stærð
- Aflmikill
- Stöðugur
- Úrval aukahluta

Aukabúnaður:

- Dekkjastærð: 23x8.5-12 AS eða 23x10.5-12 AS
- Vinnuljós að framan
- Þýnging með dráttartengi

Vél: Kubota D902
25 HP/17,5 kW

Lyftigetnaði: 1000 kg
Aksturshraði: 0-15 km

GIANT D337T HD



- Hátt og lágt drif
- Ökuhraði allt að 25 km
- Sjálfvirk drifflæsing á báðum öxlum
- Mikil lyftigetnaði
- Aflmikill
- Stöðugur
- Úrval aukahluta

Aukabúnaður:

- Niðurfellanlegt öryggishús
- Hátt og lágt drif
- 0-10 km/h 0-25 km/h
- Vinnuljós að framan
- 90 kg. þýnging með dráttartengi

Vél: Kubota D1105-T
33 HP/24 kW

Lyftigetnaði: 1450 kg
Aksturshraði: 0-10 / 0-25 km

Rúllugreip tvöföld



Einfaldar rúllugreipar á þritengi

Frábært verð



Mustad skeifur, höfjaðrir og verkfæri fyrir hestamanninn og hestinn



Erum einnig með gömlu góðu Helluskeifurnar



20% afsláttur af völdum tegundum í kattafóðri



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi 2016
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug



01. september - Open

Miðvikudaga: Wed. 18 - 22

Laugardaga: Sat. 12 - 18

Fullorðnir: 14 – 69 ára700 kr.

Adults 14 – 69 years old

10 miða afsláttarkort.....4.000 kr.

10 tickets discount card

20 miða afsláttarkort.....6.000 kr.

20 tickets discount card

Börn: 8– 13 ára400 kr.

Children 8 – 13 years old

10 miða afsláttarkort2.000 kr.

10 tickets discount card

Sundföt – leiga500 kr.

Swimwear

Handklæði – leiga500 kr.

Towel



**Neslaug og
Skeiðalaug eru á**

facebook

Fylgist með
þar ☺

Skeiðalaug

01. september - Open

Mánudaga Mon. 18 - 22

Fimmtudaga: Thu. 18 - 22

Frítt fyrir 70 ára og eldri.

**Frítt fyrir öryrkja gegn
framvísun skírteinis.**



**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri
sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.**

**Vörur tengdar sundi seldar í
afgreiðslum lauganna.**

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

**Aðeins er ca. 12 mínútna
akstur á milli lauganna.**

Eyþór Brynjólfsson.

Umsjónarmaður sundlauga.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur